

Nd.

221. Frumvarp til laga

[105. mál]

um breyting á lögum nr. 51 27. júní 1921, um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ákvæði 4. töluliðs 10. gr. falli niður.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta er borið fram samfara frv. á þskj. 217, um breytingu á almennum hegningarlögum.

Í frv. þessu er lagt til, að þau ákvæði l. 51/1921 séu niður felld, sem mæla fyrir um skerðingu lífeyrisréttinda vegna þess, að lífeyrisþegi hafi framið refsiverðan verknað. Eru þessi ákvæði mjög óeðlileg, enda er frá þeim horfið í yngri lögum um lífeyrisréttindi.

Að öðru leyti má vísa til greinargerðar fyrir ofangreindu frv. til laga um breytingar á almennum hegningarlögum.